

**Nd. 105. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]**

um rannsókn á aðdraganda verðstöðvunar.

Flm.: Magnús Kjartansson, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Jónas Árnason, Steingrímur Pálsson, Eðvarð Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að kjósa hlutfallskosningu fimm manna nefnd innandeildarþingmanna, samkvæmt 39. gr. stjórnarskráinnar, til þess að rannsaka aðdraganda verðstöðvunar þeirrar, sem kom til framkvæmda 1. nóvember s. l. Sérstaklega skal rannsóknin beinast að þróun verðlagsmála, eftir að Jóhann Hafstein forsætisráðherra boðaði það í sjónvarpsþætti 13. október s. l., að til stæði að framkvæma verðstöðvun nokkrum vikum seinna. Skulu niðurstöðurnar lagðar fyrir Alþingi og notaðar til þess að meta það, hvort rök eru til að kæra forsætisráðherra fyrir brot á lögum um ráðherraábyrgð. Nefndin skal hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflugar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

**Greinargerð.**

13. október s. l. var fluttur í sjónvarpi þátturinn „Setið fyrir svörum“, en þar svaraði Jóhann Hafstein forsætisráðherra spurningum sjónvarpsfréttamannanna Eids Guðnasonar og Magnúsar Bjarnfreðssonar. Hér fer á eftir hluti af þessu viðtali:

Magnús Bjarnfreðsson: En hvað með verðstöðvun, svo menn þurfi ekki að fá herra kaup?

Jóhann Hafstein: Jú, það er einmitt það, sem við höfum verið að ræða um, verðstöðvun, og almenningur hefur nú heyrt um það rétt af stjórnmálamönnum hér í sjónvarpinu, sem komu fram ekki alls fyrir löngu, og einnig talað um það í blöðum, og þetta er ofarlega á baugi og efst á baugi hjá nágrönnum okkar, bæði Svíum og Dönum, eins og kunnugt er. Báðir hafa innleitt verðstöðvun. Og það er engin launung á því, að við erum að ihuga einmitt verðstöðvun. Og þá er spurningin, með hverjum hætti hún gæti verið. Í stórum dráttum get ég sagt þegar, að fyrir okkur í ríkisstjórninni vakir að viðhalda raungildi launanna, kaupmættinum, áfram. Við erum þeirrar skoðunar, að ef ekkert verður aðhafzt, ja, þá minnkar kaupmátturinn, og spurningin er þá, hvernig er unnt að viðhalda kaupmættinum í sem ríkustum mæli. Þetta er ekkert sérstakt fyrir okkur, ég held, að þarna sé enginn ágreiningur milli okkar og aðila vinnumarkaðarins.

Eiður Guðnason: Til hve langs tíma mundi þessi verðstöðvun verða?

Jóhann Hafstein: Nú, — fram á — allavega fram á mitt næsta ár, eða nálægt því, sem að . . .

Eiður Guðnason: . . . fram að kosningum?

Jóhann Hafstein: . . . fram yfir kosningar allavega, en við skulum hafa það í huga, að kaupsamningarnir, það eru samningar um kaup og kjör fram til næsta hausts, 1. október, og hins vegar er framfærsluvísitalan reiknuð út 1. september, eða kaupgjaldsvísitalan 1. september réttara sagt, og mundi verða.

Síðar í viðtalinu féllu orð á þessa leið:

Eiður Guðnason: En ef frá er skilið fjárlagafrumvarpið og afgreiðsla þess, verður þá verðstöðvunarmálið að yðar álitni aðalmál þingsins núna næstu vikurnar?

Jóhann Hafstein: Já, ég býst við því, að það verði innan og í kringum þingið aðalmálið, sem fjallað verður um, því ef til einhverrar verðstöðvunar á að koma,

þá verður öll framkvæmd hennar, hvort sem er með stjórnvaldaákvörðun, samkomulagi eða löggjöf, að ákvarðast einhvern tímann í nóvembermánuði.

Hér flutti sá maður, sem gerst mátti vita, þjóðinni þær fréttir, að ríkisstjórnin væri að undirbúa verðstöðvun; hún mundi koma til framkvæmda í nóvember og standa fram yfir næstu alþingiskosningar. Þessi frásögn vakti að vonum mjög mikla athygli og þá ekki sízt hjá ýmsum kaupsýslumönnum, þjónustufyrirtækjum og öðrum atvinnurekendum, sem töldu verðstöðvun andstæða hagsmunum sínum. Enda létu viðbrögð þessara aðila ekki á sér standa. Næstu daga og vikur, eftir að forsætisráðherra hafði boðað verðstöðvun síðar, magnaðist verðbólguþróunin stórlega. Ýmsir kaupsýslumenn hækkuðu verðlag á varningi sínum þegar næstu dagana á eftir, og var starfsfólk verzlana víða önnum kafið fram á nætur að breyta verðmerkingum; yfir verðlagsnefnd rigndi umsóknum um leyfi til að hækka varning, sem háður var verðlagsákvæðum. Hélt þessi þróun áfram að magnast allt þar til loks var birt tilkynning um verðstöðvun 1. nóvember, en raunar var hún birt samtímis fjölmörgum tilkynningum um mjög stórfelldar verðhækkanir, m. a. á þjónustu ýmissa opinberra stofnana. Þær hækkanir, sem urðu á þessu tímabili vegna vitneskju fjármálamanna um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar, nema vafalaust mjög háum fjárhæðum á ári.

Þegar gripið er til efnahagsráðstafana, sem hafa víðtæk áhrif á afkomu ýmissa þjóðfélagshópa, er það hvarvetna í nágrannalöndum okkar talin sjálfsgöð regla að dylja slík áform, þar til þau koma til framkvæmda, og koma þannig í veg fyrir, að vitneskja fyrir fram geti gert sumum þjóðfélagshópum kleift að hagnast á kostnað annarra. Eru ráðherrar og embættismenn bundnir þagnarheitum, þegar slíkar ráðstafanir eru í undirbúningi, og þung viðurlög, ef út af er brugðið. Eru mörg dæmi um það frá nágrannalöndunum, hversu hart er tekið á trúnaðarbrotum, þegar um slík mál er að tefla. Einsætt virðist, að sömu kröfur beri að gera til íslenskra stjórnarvalda, hvort sem menn vilja vitna til siðferðilegra röksemda eða laga laga um ráðherraábyrgð. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Hún gerir ráð fyrir, að kannað verði, eftir því sem kostur er hvað hafi hlotizt af því hátterni Jóhanns Hafsteins forsætisráðherra að greina með meira en tveggja vikna fyrirvara frá jafnaðrífarkri efnahagsráðstöfun og verðstöðvun, svo að Alþingi geti síðar gert sér grein fyrir því, hvort rök séu til þess að draga ráðherrann til ábyrgðar og kæra hann fyrir landsdómi.